

**Nd.**

**130. Frumvarp**

til laga um hvildartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Skylt skal eigendum eða útgerðarmönnum íslenskra botnvörpuskipa að veita hásetum sínum minst 8 klukkustunda hvildartíma í sólarhring hverjum, hvort sem þeir eru á veiðum eða við annan starfa.

2. gr.

Í reglugerð, er Hásetafjelagið og Útgerðarmannafjelagið í Reykjavík semja og stjórnarráðið staðfestir, skal ákveða nánar, á hvern hátt vinnu- og hvildartíma háseta verður fyrir komið á skipum þeim, er í 1. gr. getur.

Verði fjelögin ekki ásátt um einhver atriði í reglugerðinni, sker stjórnarráðið úr, og skulu báðir aðiljar skyldir að hlíta úrskurði þess.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500 kr. til 1000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. september næstkomandi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk fjölmargra háseta á íslenskum botnvörpuskipum. Hafa þeir undanfarin ár oft og einatt við fiskveiðar orðið að

vinna 3—5 dægur í einu, án þess að þeir hafi notið nokkurrar hvíldar. Og þannig hefir stundum verið haldið áfram svo vikum og mánuðum skifti. Þess gerist ekki þörf að fjölyrða um það, hver áhrif slík vinnubrögð sem þessi hafa á líðan og heilsu þeirra, er þeim sæta. Með slíkri vinnu er starfsþoli hvers manns ofboðið. Hraustustu menn á ljettasta skeiði endast varla meira en í 5—8 ár; þá er mesti þróttur þeirra þrotinn, og hæpið er að þeir sjeu óskemdir eftir 2—3 ára starfstíma. Hvaða vit er nú í slíkum vinnuháttum?

Einhverjum kann að virðast sem útgerðarmönnum muni áskotnast minni arður af útvegi sínum, ef farið verður að stytta vinnutíma hásetanna og tryggja þeim nokkra hvíld, en ekki mun sú reyndin á verða. Allir vita hversu mikið betur menn vinna, ef þeir njóta ætíð nokkurrar hvíldar og vinna ekki óslitið úr hófi fram. Með meiri hvíld háseta en áður og reglulegri vinnu mundi útvegsmönnum áskotnast jafnvel enn meiri arður en fyr, auk þess, sem það skapar hollari og vistlegri aðbúð fyrir hásetana.

Rjett virðist, að útgerðarmenn og hásetar komi sjer ásamt um, hvernig vinnu- og hvíldartíma á skipunum verði fyrir komið, og að það sje ákveðið með reglugerð, en komi þeim ekki saman um einhver atriði, að stjórnarráðið meti þá málaveksti og skeri úr um það, er á milli ber.